

Apríl 2024



# Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Langanesi

á málefnasviði umhverfis-,  
orku- og loftslagsráðuneytisins



Stjórnarráð Íslands

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið



**Skýrsla starfshóps um eflingu samfélagsins á Langanesi**  
á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins

**Útgefandi:** Stjórnarráð Íslands

© 2024 Stjórnarráð Íslands

Borgartún 26 — 105 Reykjavík  
545 8600 | urn@urn.is

ISBN 978-9935-9756-6-9

September 2023

[stjornarradid.is](#)

# Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b>	<b>4</b>
<b>1. Inngangur</b>	<b>6</b>
1.1 Starfshópur um eflingu samfélagsins á Langanesi	6
1.2 Samráð	7
<b>2. Raforkuinnviðir í Langanesbyggð</b>	<b>8</b>
<b>3. Stofnun þjóðgarðs á Langanesi</b>	<b>10</b>
<b>4. Jarðhitaleit</b>	<b>14</b>
<b>5. Orkuöflun innan svæðis</b>	<b>15</b>
<b>6. Græn atvinnuuppbygging</b>	<b>16</b>
<b>7. Lokaorð</b>	<b>18</b>
<b>8. Erindisbréf</b>	<b>20</b>





## Samantekt

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði þann 24. maí 2023 starfshóp um eflingu samfélagsins á Langanesi til að vinna tillögur að aðgerðum sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins og stuðlað geta að því að efla samfélagið á Langanesi.

Tillögur starfshópsins skulu m.a. snúa að friðlýsingu á hluta Langaness, t.d. með stofnun þjóðgarðs, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Jafnframt verði hugað að bættu orkuöryggi svæðisins með tillögum er snerta dreifi- og flutningskerfi raforku, jarðhitaleit og aukna orkuöflun innan svæðis.

Dagana 20.-21. ágúst dvaldi starfshópurinn í Langanesbyggð og nýtti tímann til vettvangsskoðana, fundahalda og samráðs við helstu hagaðila og íbúa. Farið var í vettvangsferð allt út á Langanesfont, með viðkomu á Skálum, á Læknisstaðabjargi og víðar. Oddviti sveitarstjórnar og nokkrir sveitarstjórnarfulltrúar voru með í för og miðluðu, ásamt heimamanninum og jarðfræðingnum í hópnum, fróðleik um svæðið.

Sérstakir fundir voru haldnir með sveitarstjórn Langanesbyggðar og forsvarsmönnum Ísfélags Vestmannaeyja (nú Ísfélag). Haldið var til Bakkafjarðar með viðkomu í Gunnólfsvík/Finnafirði og fræðst um þann hluta sveitarfélagsins. Einnig var haldinn opinn íbúafundur í félagsheimilinu Þórsveri. Var hann ágætlega sóttur og heimamenn virkir í skoðanaskiptum við fulltrúa starfshópsins og sveitarstjórnar.

Starfshópurinn hefur kynnt sér fyrirbyggjandi gögn sem þýðingu hafa fyrir vinnuna og átt í ýmsum samskiptum við hagaðila eins og Landsnet, RARIK o.fl.

Tillögur starfshópsins:

---

### 1. Raforkuinnviðir í Langanesbyggð

---

Starfshópurinn telur það vera forgangsmál að stórauka flutningsgetu á raforku til Þórshafnar og nágrennis og leggur til að Landsnet taki að sér það verkefni. Liggur beinast við að það verði gert með nýrri og öflugri raflínu frá Öxarfirði til Þórshafnar sem yrði hluti af flutningskerfi Landsnets. Lagt er til að þeirri framkvæmd verði flýtt eins og frekast er kostur, enda er þessi tenging forsenda annarrar uppbyggingar á svæðinu. Í framhaldinu er hægt að tengja áfram frá Þórshöfn og til Vopnafjarðar. Þar með væri komin tvítenging á þessum landshluta, í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Slík uppbygging er nauðsynleg til að tryggja samkeppnishæfni svæðisins, greiða fyrir orkuskiptum og skapa forsendur fyrir sókn nýrra atvinnuvega.

**Markmið:** Að tryggja fullnægjandi raforkuinnviði til að mæta aukinni raforkuþörf.

---

## 2. Stofnun þjóðgarðs á Langanesi

---

Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið vinni áfram tillögur um friðlýsingarkosti á utanverðu Langanesi og að stofnaður verði þjóðgarður í sátt við íbúa og hagsmunaaðila. Samhliða verði unnið að uppbyggingu innviða og m.a. horft til þess að koma upp starfstöð í náttúruvannsóknum í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni byggðarinnar við Bakkafloa frá árinu 2018.

**Markmið:** Að vernda náttúru Langaness til framtíðar, byggja upp nauðsynlega innviði og miðla betur aðdráttarafl og sérstöðu svæðisins.

---

## 3. Jarðhitaleit

---

Starfshópurinn leggur til að sérstöku fé verði varið til jarðhitaleitar þannig að hægt verði að nýta jarðhita í auknum mæli til húshitunar í Langanesbyggð.

**Markmið:** Að nýta lághitasvæði á sjálfbæran hátt um fyrirsjáanlega framtíð, bæta þar með búsetuskilyrði og draga úr aflþörf í rafhitun.

---

## 4. Orkuöflun innan svæðis

---

Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið setji af stað vinnu í samstarfi við Langanesbyggð við að vinna að öðrum kostum til orkuöflunar innan svæðisins, þ.m.t. nýtingu vinds, vatnsafls og sólarorku og hugsanlegrar samlegðar þar á milli.

**Markmið:** Að stuðla að aukinni orkuframleiðslu í Langanesbyggð.

---

## 5. Græn atvinnuuppbygging

---

Starfshópurinn leggur til að umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti skoði möguleika á að styðja við græna atvinnuuppbyggingu í Langanesbyggð og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífinu til hagsbóta fyrir samfélagið. Bæði felast tækifæri í nýtingu glatorku í virku hringrásarhagkerfi og þá eru hugmyndir um rafeldsneytisframleiðslu í Finnafirði ekki síður áhugaverðar sé horft til orkumála í víðara samhengi. Ein helsta forsenda grænnar uppbyggingar er þó að tillaga 1 gangi í gegn.

**Markmið:** Að auka við græna atvinnuuppbyggingu í Langanesbyggð.



# 1. Inngangur

## 1.1 Starfshópur um eflingu samfélagsins á Langanesi

Á fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með oddvita og sveitarstjóra Langanesbyggðar þann 31. mars 2023 var farið yfir sýn sveitarfélagsins og helstu hagsmunamál svæðisins. Fram kom það sjónarmið heimamanna að meginviðfangsefni svæðisins snúi öll að því að styrkja samkeppnisstöðu svæðisins til búsetu. Hægt sé að stuðla að því m.a. með því að styrkja flutningskerfi raforku, auka afhendingaröryggi raforku og friðlýsa hluta Langaness, t.d. með stofnun þjóðgarðs, og stuðla að fjárfestingum á svæðinu til uppbyggingar á grænni atvinnustarfsemi og var óskað eftir stuðningi ráðherra við að styrkja svæðið.

Í ljósi framangreinds ákvað umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að setja á fót starfshóp sem hefði það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála á Langanesi, sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið.

Fram kemur í erindisbréfi hópsins að tillögur starfshópsins skulu a.m.k. snúa að friðlýsingu á hluta Langaness, t.d. með stofnun þjóðgarðs, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Jafnframt verði hugað að bættu orkuöryggi svæðisins með tillögum er snerta dreifi- og flutningskerfi raforku, jarðhitaleit og aukna orkuöflun innan svæðis.

Starfshópurinn skipa:

---

**Njáll Trausti Friðbertsson**, þingmaður Norðausturkjördæmis og formaður starfshópsins

---

**Berglind Harpa Svavarsdóttir**, varaþingmaður Norðausturkjördæmis og formaður SSA

---

**Steingrímur J. Sigfússon**, fyrrum þingmaður Norðausturkjördæmis og ráðherra

---

**Kjartan Ingvarsson**, lögfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu var starfsmaður hópsins

---

Í erindisbréfi var gert ráð fyrir að starfshópurinn myndi skila tillögum sínum til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra eigi síðar en 15. október 2023. Tillögur eða ábendingar hópsins skulu vera stuttar og hnitmiðaðar. Ráðuneytið mun taka tillögur og ábendingar hópsins til frekari skoðunar og útfærslu eftir atvikum.

## 1.2 Samráð

Starfshópurinn hefur átt fundi og samtöl með stofnunum og hagsmunaaðilum um verkefni starfshópsins á tímabilinu frá júní 2023 fram í september 2023.

## 2. Raforkuinnviðir í Langanesbyggð

Afhendingaröryggi rafmagns í landshlutanum getur ekki talist gott en alvarlegast er að ekki er að óbreyttu hægt að mæta þörf fyrir aukna raforku til atvinnuuppbyggingar, orkuskipta og almenns vaxtar.

Afhending RARIK til Þórshafnar er eftir ríflega 50 km 33 KV jarðstreng sem lagður var 1996 frá afhendingarstað Landsnets á Kópaskeri að Brúarlandi í Bistilfrði, en þaðan er rafmagnið flutt með öflugri línu til Þórshafnar. Tengivirkið fyrir Þórshöfn er þannig ekki hluti af flutningskerfi Landsnets heldur aðeins dreifikerfi RARIK sem er á lægri spennu. Núverandi flutnings- og dreifikerfi hefur afar takmarkaða flutningsgetu eða um 6 MW, sem er fullnýtt á tímum álagstoppa.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að á Þórshöfn er fiskimjölsverksmiðja sem hefur ekki verið rafvædd eins og flestar aðrar slíkar á síðustu árum og gengur því enn fyrir olíukötlum. Á árinu 2022 óskaði Ísfélag Vestmannaeyja eftir því við EFLU að verkfræðistofan ynni fyrir félagið skýrslu sem varpað gæti ljósi á núverandi stöðu raforkumála á Þórshöfn á Norðausturlandi.

Samkvæmt greiningu EFLU eykst aflþörf Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn um 17-20 MW vegna gufuframleiðslu þegar fiskimjölsverksmiðjan er keyrð á fullum afköstum, eða á því tímabili sem uppsjávarfiskur er veiddur. Vegna núverandi stöðu í raforkukerfinu er þeirri aflþörf mætt með brennslu á olíu. Áætlað er að aflþörf félagsins á Þórshöfn, vegna annarrar starfsemi en bræðslunnar, muni aukast um a.m.k. 2-3 MW á næstu árum til viðbótar við núverandi þörf vegna stækkunar á frystigeymslum og aukningar á frystiafköstum við vinnslu til manneldis. Það yrði allt forgangsálag sem ekki er unnt að mæta með olíubrennslu í kötlum.

Aflþörf Ísfélagsins er 17 - 20 MW til að geta hætt að nota olíukatana sem notast er við í dag og ljóst að RARIK mun ekki ná að koma til móts við þá aflþörf. Án aukinnar flutningsgetu er ljóst að Ísfélagið á Þórshöfn hefur enga möguleika til að rafvæða starfsemi sína og draga úr losun koldíoxíðs í kolefnisbókhalda Íslands. Núverandi staða mun hafa í för með sér skaðleg áhrif á samkeppnishæfni Ísfélagsins og annarra fyrirtækja á svæðinu að óbreyttu.

Í reynd má einfaldlega segja að flutningsgeta núverandi línu sé fullnýtt og hamlar núverandi kerfi uppbyggingu á svæðinu, t.a.m. þegar horft er til orkuskipta í samgöngum, frekari uppbyggingar í atvinnulífi, fólksfölgunar og almenns vaxtar. Þetta stendur öllu svæðinu fyrir þrífum og er í mótsögn við stefnu og markmið stjórnvalda í loftslagsmálum. Til þess að stjórnvöld geti staðið við áform sín um rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja fyrir árið 2030, samdrátt í notkun jarðefnaeldsneytis





og kolefnishlutleysi 2040 þarf að ráðast í aðgerðir til þess að auka flutningsgetu raforku til Þórshafnar.

Hvað varðar aukningu á afhendingu raforku á Þórshöfn þarf að byggja upp flutningskerfið og þar eru nokkrar sviðsmyndir uppi. Þeim er öllum sammerkt að styrkja þarf flutningskerfið á Norðausturlandi, það er austan Þeistareykja. Það mætti gera með spennuhækkun á núverandi Kópaskerslínu frá Þeistareykjum í Öxarfjörð og leggja nýja línu þaðan í Þistilfjörðinn og til Þórshafnar.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að samkvæmt stefnu stjórnvalda eiga allir afhendingarstaðir í flutningskerfinu að vera tvítengdir fyrir árið 2040. Í framhaldinu, þegar ný flutningslína hefur verið lögð frá Öxarfirði að Þórshöfn, mætti því halda áfram og leggja línu úr Þistilfirðinum til Vopnafjarðar til að hringtengja umrædda staði og tryggja örugga afhendingu á norðausturhorninu öllu. Ný tenging til Þórshafnar gæti þannig verið fyrsti áfanginn í þeirri tvítengingu.

Tillaga starfshópsins:

---

**Starfshópurinn telur það vera forgangsmál að stórauka flutningsgetu á raforku til Þórshafnar og nágrennis og leggur til að Landsnet taki að sér það verkefni. Liggur beinast við að það verði gert með nýrri og öflugri raflínu frá Öxarfirði til Þórshafnar sem yrði hluti af flutningskerfi Landsnets. Lagt er til að þeirri framkvæmd verði flýtt eins og frekast er kostur, enda er þessi tenging forsenda annarrar uppbyggingar á svæðinu. Í framhaldinu er hægt að tengja áfram frá Þórshöfn og til Vopnafjarðar. Þar með væri komin tvítenging á þessum landshluta, í samræmi við stefnu stjórnvalda. Slík uppbygging er nauðsynleg til að tryggja samkeppnishæfni svæðisins, greiða fyrir orkuskiptum, og skapa forsendur fyrir sókn nýrra atvinnuvega.**

---



**Markmið:** Að tryggja fullnægjandi raforkuinnviði til að mæta aukinni raforkuþörf.

### 3. Stofnun þjóðgarðs á Langanesi

Vorið 2020 fór Langanesbyggð þess á leit við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að gerð yrði greining á mögulegum friðlýsingarkostum á Langanesi. Óskað var eftir því að kostir, tækifæri, takmarkanir og skuldbindingar yrðu m.a. skoðuð, ásamt því að leggja mat á hvaða gerðir friðlýsinga kæmu til greina á svæðinu. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fól Umhverfisstofnun verkefnið. Settur var saman stýrihópur sem fylgdi verkefninu eftir á vinnslutíma en vinna við gerð skýrslunnar fólst í að rýna svæðið með tilliti til möguleika á friðlýsingu. Skýrsla Umhverfisstofnunar var gefin út í október 2020.

Utanvert Langanes býr yfir sérstöðu, bæði er varðar náttúrufar og byggðasögu, ásamt því að vera skammt norðan byggðarinnar á Þórshöfn og því stutt í verslun og þjónustu. Verndargildi svæðisins felst í fjölbreyttu en sérstæðu og hánorrænu gróðurfari, miklum fuglabjörgum og menningarminjum. Fuglabjörgin á Langanesi hafa hátt verndargildi og við Skoruvíkurbjarg er eitt stærsta súluvarp landsins með einstaklega góðu aðgengi til skoðunar. Ysta hluta Langaness myndar Langanesfontur, oftast kallaður Fontur eða Fonturinn í daglegu tali. Þar er bæði gróðurfari og yfirbragð lands mjög sérstætt og er þar m.a. að finna á yfirborði víðlendar grjótsléttur sem ekki verður séð að ísaldarjökla hafi gengið yfir.

Helstu tækifærin sem felast í friðlýsingu svæðisins fyrir náttúruvernd á landsvísu eru fólgin í sjálfbærri nýtingu svæðisins og mögulegri styrkingu lífríkis. Ísland myndi með friðlýsingunni geta unnið að því að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar, s.s. ákvæði Bernarsamningsins og samnings um líffræðilega fjölbreytni með verndun búsvæða ákveðinna fuglategunda, með varðveislu ákveðinna vistgerða og með mögulegri verndun strand- og hafsvæða, svo eitthvað sé talið.

Þá liggja tækifæri í skrásetningu og verndun menningarminja, þannig að þeim sé skilað óspilltum til komandi kynslóða. Með friðlýsingu gefst tækifæri til að samræma slíkar aðgerðir og hefur Minjastofnun Íslands m.a. hug á að styðja við friðlýsingaráform á Langanesi með skráningu fornleifa á svæðinu. Fyrirséð er að mikið magn minja er að finna á utanverðu Langanesi, sem tengjast bæði fjölbreyttum búskaparháttum frá fornu fari en jafnframt yngri menningararfi, svo sem þéttbýlisminjar að Skálum og í Heiðarhöfn, sem og herminjar á Skálum og Heiðarfjalli.

Við friðlýsingu opnast margvíslegir möguleikar fyrir samfélag og búsetu í nærsamfélagi. Friðlýst svæði kalla á landvörslu og utanumhald um stjórnsýslu og rekstur svæðisins, um það eru mörg innlend dæmi t.d. í Jökulsárgljúfrum, Mývatnssveit og á svæði Snæfellsnesþjóðgarðs svo eitthvað sé nefnt. Friðlýsingu fylgir ákveðin viðurkenning og aukin athygli. Í sumum tilfellum hefur friðlýsing verið nýtt til markaðssetningar sem

leiðir af sér fjölgun ferðamanna á svæðinu og um leið fjölgun starfa í ferðapjónustu. Störfín geta laðað nýja íbúa inn á svæðið og þannig styrkt samfélagið.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd má friðlýsa sem þjóðgarða stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag. Í frumvarp til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða segir aukinheldur um markmið með stofnun þjóðgarðs:

1. Vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.
2. Gefa almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru, menningu og sögu þjóðgarðsins.
3. Auðvelda almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist.
4. Stuðla að rannsóknum og fræða um þjóðgarðinn og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu hans.
5. Leitast við að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.

Stofnun þjóðgarðs á Langanesi fellur vel að þessum markmiðum og markmiðin sem slík skýr og í takti við reynslu manna af stofnun þjóðgarða, óháð því hvort frumvarpið verði að lögum eður ei.

Á fundi sveitarstjórnar þann 14. desember 2023 var áhugi Langanesbyggðar á verkefninu ítrekaður með svohljóðandi ályktun:

Það er eindregin vilji sveitastjórnar Langanesbyggðar að haldið verði áfram með vinnu við friðlýsingar á utan verðu Langanesi. Tilgangur þess er að;

1. Gæta að sérstöðu landsvæðisins sem náttúruvætti.
2. Gæta að menningarminjum og lands í lifandi nýtingu.
3. Tryggi aðgengi og öryggi þeirra sem heimsækja landsvæðið.
4. Hugji að hægrænum hvötum til eflingu mannlífs í kringum Langanes.
5. Efli vitund og þekkingu á náttúrufari og auðlindum aðliggjandi svæða.





Það er skoðun sveitastjórnar Langanesbyggðar að tryggt aðgengi að friðlandi á Langanesi sem tengist öðrum náttúrusvæðum muni efla byggð í Langanesbyggð. Og slíkt megi gera án þess að hindra eða torvelða núverandi nýtingu á landssvæðinu sem eru beitarnytjar og eggjasókn. Til að slíkt megi fram ganga óskar Langanesbyggð eftir stuðningi Alþingis og umhverfisráðherra til að hrinda þeirri vinnu fram.

Með hliðsjón af ofangreindri ályktun, og þess eindregna vilja sem þar birtist, leggur starfshópurinn til að haldið verði áfram undirbúningi að stofnun þjóðgarðs. Góð reynsla af t.a.m. stofnun Snæfellsjökulsþjóðgarðar yrði höfð til hliðsjónar, þar sem aðkoma nærsamfélagsins er grunnforsenda og þáttur heimamanna tryggður við stjórnun þjóðgarðsins á svæðinu. Jafnframt beinir starfshópurinn því til þeirra er málið varða að samhliða verði unnið að uppbyggingu innviða og m.a. horft til þess að koma upp starfsstöð í náttúruvannsóknum í samræmi við tillögur ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa.

Í skýrslu nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa frá árinu 2018 var lögð til stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknum á Bakkafirði sem hefði það hlutverk að rannsaka lífríki Bakkaflóa, þar með talið lífríki Finnafjarðar, Langanes og nærumhverfis. Í lok árs 2022 gerðu svo umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) með sér samning sem hefur það að markmiði að koma á samstarfi um stofnun starfsstöðvar í náttúruvannsóknum á Bakkafirði.



Komið var á fót samstarfshópi um að móta sameiginlega sýn á markmið og framtíðarskipulag mögulegrar starfstöðvar í náttúruvannsóknnum við Bakkafjörð. Í hópnum voru fulltrúar Langanesbyggðar, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Hópurinn hafði samráð við fulltrúa umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar. Í vinnu hópsins var sérstaklega horft til aðgerðar (C9) í byggðaáætlun fyrir árin 2022-2026 en hún fjallar um náttúruvernd til eflingar byggðapróun.

Rétt er að nefna í þessu samhengi að í Langanesbyggð er víðar að finna náttúruersemi en á utanverðu Langanesi. Svo sem náttúruperluna Rauðanes í vestanverðum Þistilfirði, Strandhöfn og Digranes að ógleymdum hinum miklu ósnortnu víðernum upp af heiðum Þistilfjarðar, Langaness og Langanesstrandar. Huga þarf vel að samspili og samnýtingu þjóðgarðs, náttúruvannsókna og landvörslu fyrir svæðið í heild.

Tillaga starfshópsins:

---

**Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið vinni áfram tillögur um friðlýsingarkosti á utanverðu Langanesi og að stofnaður verði þjóðgarður í sátt við íbúa og hagsmunaaðila. Samhliða verði unnið að uppbyggingu innviða og m.a. horft til þess að koma upp starfstöð í náttúruvannsóknnum, í samræmi við tillögur nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa frá árinu 2018.**

---

**Markmið:** Að vernda náttúru Langaness til framtíðar, byggja upp nauðsynlega innviði og miðla betur aðdráttarafl og sérstöðu svæðisins.



## 4. Jarðhitaleit

Ýmis tækifæri felast í nýtingu jarðhita til húshitunar í Langanesbyggð og bæta þar með búsetuskilyrði og draga úr aflþörf í rafhitun.

Í nýlegri úttekt á stöðu hitaveitna og nýtingar jarðhitavatns til húshitunar eru reifaðar mögulegar leiðir til að mæta orkuþörf til húshitunar. Með nýjum rannsóknaraðferðum, aukinni tækniþróun og bættum úrvinnsluaðferðum og þekkingu má búast við að finna megi nýtanlegan jarðhita fyrir sum þau samfélög sem ekki njóta hitaveitu með jarðhita í dag. Jafnframt segir í skýrslunni að á þeim stöðum þar sem ekki er raunhæft að hægt verði að nýta jarðhita með beinum hætti, verði aðrar tæknilausnir útfærðar sem fela í sér vinnslu orku til húshitunar, t.d. með varmadælum.

Engin hitaveita er í Langanesbyggð og er sveitarfélagið á rafhitunarsvæði þar sem húsnæði er undantekningarlítið hitað upp með rafmagni. Á svæðinu í kringum Þórshöfn hafa verið boraðar hitastigulsholur sem gefa tilefni til áframhaldandi rannsókna, m.a. ofan byggðarinnar við Staðarsel, við höfnina, í landi Tungusels og Sóleyjarvalla. Hið sama má segja um hitastigulsholur við Bakkafjörð. Þá eru á Garðaártungu, í landi Gunnarsstaða um 10 km ofan við byggð, nokkrar borholur í nágrenni 29°C heitrar uppsprettu sem gefa til kynna umtalsvert hærri hitastigul en annars staðar hefur fundist á svæðinu, eða frá um 90°C/km og upp yfir 100°C/km.

Mikilvægt er að skipulegri jarðhitaleit verði haldið áfram og unnið að kortlagningu þekktra jarðhitakosta, svo unnt verði að nýta þá til húshitunar og til frekari verðmæta-sköpunar á fjölmörgum sviðum.

Þá er einnig vert að benda á að víða eru góðir möguleikar á að bora 150-200 m djúpar grannar holur sem nýta má fyrir varmadælur. Einnig er hægt að nýta holur þó þær séu þurrar með því að setja niður lokaða hringrás sem flytur varmann að varmadælu. Þessi lausn gæti hentað t.d. fyrir einstök býli og í mörgum tilvikum verið hagstæð.

Tillaga starfshópsins:

---

**Starfshópurinn leggur til að sérstöku fé verði varið til jarðhitaleitar þannig að hægt verði að nýta jarðhita í auknum mæli til húshitunar í Langanesbyggð.**

---

*Markmið: Að nýta lághitasvæði á sjálfbæran hátt um fjórirsjáanlega framtíð, bæta þar með búsetuskilyrði og draga úr aflþörf í rafhitun.*





## 5. Orkuöflun innan svæðis

Binda má vonir við að framtíðarraforkuöflun í sveitarfélaginu muni að einhverju leyti vera með öðrum hætti en nú tíðkast á Íslandi. Tækni í tengslum við endurnýtanlega orkugjafa hefur fleygt fram síðastliðin ár og gæti beislun vind- og sólarorku, sem og auðvitað vatnsafls, verið áhugaverðar lausnir fyrir Langanesbyggð. Slík staðbundin orkuframléiðsla getur eftir byggðir og samfélög þar sem hennar nýtur við og á það við um Langanesbyggð ekki síður en önnur dreifbýl svæði.

Innan sveitarfélagsins er víðtækur áhugi á raforkumálum og hefur mikið verið horft til smærri virkjana í þeim efnum. Árið 2018 vann Verkfræðistofan EFLA frumúttekt á 30 smávirkanakostum í Þingeyjarsýslum fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga. Meðal þeirra tíu virkanakosta sem teljast álitlegastir í Þingeyjarsýslum eru þrír í Langanesbyggð, en það eru Tunguá, Sandá og Hafralónsá. Eins og staðan er í dag eru engar virkjanir á svæðinu tengdar raforkuflutningskerfinu.

Litlar virkjanir innan svæðisins ættu að hafa góð áhrif á rekstur dreifikerfisins og minnka töp, en afköst strengsins eru sem fyrr segir afar takmörkuð. Stærstu virkjunarkostir í Langanesbyggð eru því varla raunhæfir nema dreifikerfi Raríks verði styrkt verulega, eða að Þórshöfn verði tengd flutningskerfi Landsnets.

Einnig má nefna að verkfræðistofan EFLA hefur komið að vindorkugreiningu á Brekknaheiði, Sauðaneshálsi, Bakka-, Viðvíkur- og Sandvíkurheiði. Niðurstöður gefa til kynna að um einstaklega góð vindasvæði sé um að ræða. Í samvinnu við Summu rekstrarfélag hf. hefur EFLA komið að þróun vindorkugarða á þessum svæðum, en þeir hafa verið í þróun síðan 2020 vegna fyrirhugaðrar iðnaðar- og hafnarstarfsemi í Finnafirði. Erindi vegna þessara mögulegu vindorkugarða hafa verið send í rammaáætlun.

Tillaga starfshópsins:

---

**Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið setji af stað vinnu í samstarfi við Langanesbyggð við að vinna að öðrum kostum til orkuöflunar innan svæðisins, þ.m.t. nýting vinds, vatnsafls og sólarorku og hugsanlegrar samlegðar þar á milli.**

---



**Markmið:** Að stuðla að aukinni orkuframléiðslu í Langanesbyggð.





## 6. Græn atvinnuuppbygging

Mikilvægt er að horfa til tækifæra sem felast í grænni atvinnuuppbyggingu, í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, til að auka aðdráttarafl svæðisins til fjárfestinga og nýsköpunar, og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífi og nýtingu á auðlindum svæðisins.

Einkum er hagkvæmt fyrir samfélagið að horfa til bættrar orkunýtingar sem jafnframt ýtir undir spennandi nýsköpun á sviði vistvænna lausna með grænum áherslum. M.a. mætti horfa til glatvarma frá frystikerfum Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn og annarri starfsemi félagsins. Í slíkri ónotaðri orku liggja ýmis tækifæri, m.a. fyrir uppbyggingu grænna iðngarða, þar sem leitast er við að koma á samstarfi fyrirtækja sem geta nýtt afgangsortku og aukaafurðir hvert frá öðru. Þannig mætti ef til vill auka enn frekar verðmætasköpun með fullnýtingu sjávarafurða á sjálfbæran hátt og efla hringrásarhagkerfið.

Aukin úrvinnsla afurða heima á bændabýlum (kjöt, ull o.s.frv.), smáiðnaður og samspil slíks við aukna ferðamennsku er sömuleiðis enn sem komið er lítt plægður akur á þessu svæði.

Sá varnagli skal þó sleginn að til lítils er að ræða græna atvinnustarfsemi ef áfram þarf að treysta á jarðefnaeldsneyti til að mæta orkupörf svæðisins. Til þess að hægt sé að auka við græna atvinnuuppbyggingu í Langanesbyggð, þarf fyrst að tryggja fullnægjandi raforkuinnviði til að mæta aukinni raforkupörf.



Að endingu má geta þess að verið er að þróa ýmis verkefni í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu í Finnafrði. Helst ber að nefna vetnis- og rafeldsneytisframleiðslu í því samhengi, en það verkefni er nátengt bæði áformum um alþjóðlega stórskipahöfn og þróun vindorkugarða á svæðinu. Með rafeldsneytisframleiðslu skapast jafnframt hagstæðar aðstæður til uppbyggingar og reksturs landeldis í Finnafrði, þar sem glátvarmi og súrefni frá rafgreiningu vatns myndi nýtast. Töluvert mikla raforku þarf þó til, eða um 600 MW miðað við þau áform sem kynnt hafa verið. Sú orka er ekki til staðar á svæðinu í dag en bróðurpartur hennar gæti þó komið frá nálægum vindorkugörðum nái þær hugmyndir fram að ganga.

Tillaga starfshópsins:

---

**Starfshópurinn leggur til að umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneyti skoði möguleika á að styðja við græna atvinnuuppbyggingu í Langanesbyggð og auka þannig fjölbreytni í atvinnulífinu til hagsbóta fyrir samfélagið. Bæði felast tækifæri í nýtingu glatorku í virku hringrásarhagkerfi, og þá eru hugmyndir um rafeldsneytisframleiðslu í Finnafrði ekki síður áhugaverðar sé horft til orkumála í víðara samhengi. Ein helsta forsenda grænnar uppbyggingar er þó að tillaga 1 gangi í gegn.**

---



**Markmið:** Að auka við græna atvinnuuppbyggingu í Langanesbyggð.



## 7. Lokaorð

Starfshópurinn tók að sér að skila hnitmiðuðum tillögum að aðgerðum til ráðherra, sem stuðlað geta að því að efla samfélagið á Langanesi. Í þessum tilgangi átti hópurinn frumkvæði að fundum með hagsmunaaðilum og íbúum. Hópurinn varð þess mjög áskynja og upplifði það sterkt, að samfélagið á Langanesi er samfélag í sóknarhug sem ætlar að sækja fram. Atvinnuástand hefur verið með ágætum og stöðugleikinn, sem og seigla íbúa, birtist okkur í bjartsýni og baráttuhug fyrir svæðið. Sjávarútvegur byggir á traustum grunni og fyrirhuguð uppbyggingaráform koma til með að treysta atvinnulíf og búsetu enn frekar. Tryggt aðgengi að raforku er þó lykilforsenda frekari verðmætasköpunar á svæðinu. Eins og staðan er í dag getur afhendingaröryggi í landshlutanum ekki talist gott en alvarlegast er að ekki er að óbreyttu hægt að mæta þörf fyrir aukna raforku til atvinnuuppbyggingar, orkuskipta og almenns vaxtar. Þessi staða dregur mjög úr samkeppnishæfni svæðisins og ef ekkert er að gert fjarar fljótt undan hvers kyns átaki sem snýr að því að treysta byggð og atvinnulíf við Langanes.

**Starfshópurinn telur það vera forgangsmál að stórauka flutningsgetu á raforku til Þórshafnar og nágrennis og leggur til að Landsnet taki að sér það verkefni. Slík uppbygging er nauðsynleg til að tryggja samkeppnishæfni svæðisins, greiða fyrir orkuskiptum, og skapa forsendur fyrir sókn nýrra atvinnuvega.**

Mikilvæg er, samhliða því að orkuinnviðir verði auknir og efldir, að horfa til bæði orkuöflunar innan svæðisins og bættrar orkunýtingar. Þá leggur starfshópurinn til að fé verði varið til jarðhitaleitar og að lághitasvæði verði loks nýtt til að bæta búsetuskilyrði og draga úr aflþörf í rafhitun. Hér eru tækifærin mörg og hér liggur aflvakinn í frekari þróun samfélagsins á Langanesi – í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlindanna.

Náttúran sjálf býr yfir gildi sem verður seint metið einvörðungu í þeim auðlindum sem við nýtum og beislum. Langanesið, heiðarnar og strendurnar; hverjum ferðalangri mætir þar mögnuð stemning, með sína einstöku náttúru, fuglalíf og sögu. Á þessum nyrstu hlutum landsins býr hin þögla fegurð sem höfðar sterkt til allra sem kjósa ótroðnar slóðir. Í eigingildi náttúrunnar leynist því einnig vaxtarsproti og tækifæri fyrir þær kynslóðir sem kunna að fara með þau af virðingu og alúð. Starfshópurinn leggur til að ráðuneytið vinni áfram tillögur um friðlýsingarkosti á Langanesi, í sátt við íbúa og hagsmunaaðila, með það tvöfalda markmið að vernda einstakt umhverfi og gera samfélaginu kleift að nýta áfram og um ókomna framtíð bæði náttúru og menningarminjar í ferðapjónustu.

Það er von okkar sem völdumst í starfshópinn að þær tillögur sem við kynnum hér séu til þess fallnar að styðja við áframhaldandi mótun og vöxt samfélagsins á Langanesi. Samfélag sem er fjölbreytt og líflegt, eftirsóknarvert fyrir atvinnulíf, til búsetu og eftirsóknarvert heim að sækja.

Við þökkum ráðherra fyrir að hafa kallað til þennan starfshóp um ofangreind verkefni og sérstaklega starfsmanni ráðuneytisins, sem vann með okkur. Einnig viljum við þakka starfsmönnum SSNE fyrir góðan stuðning við starfið.

---

## 8. Erindisbréf

---





Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is  
545 8600

Skuggasundi 1,  
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Njáll Trausti Friðbertsson  
Vörðutún 8  
600 Akureyri

Reykjavík 24. maí 2023  
Tilv.: UMH23050041/2.3.0

Á fundi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra með oddvita og sveitarstjóra Langanesbyggðar þann 31. mars sl. var farið yfir sýn sveitarfélagsins og helstu hagsmunamál svæðisins. Fram kom það sjónarmið heimamanna að meginviðfangsefni svæðisins snúi öll að því að styrkja samkeppnisstöðu svæðisins til búsetu. Hægt sé að stuðla að því m.a. með því að styrkja flutningskerfi raforku, auka afhendingaröryggi raforku og friðlýsa hluta Langaness, t.d. með stofnun þjóðgarðs og stuðla að fjárfestingum á svæðinu til uppbyggingar á grænni atvinnustarfsemi og var óskað eftir stuðningi ráðherra við að styrkja svæðið.

Í ljósi framangreinds hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að setja á fót starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna tillögur til ráðherra um framgang mála á Langanesi, sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins, með það að markmiði að efla samfélagið.

Tillögur starfshópsins skulu a.m.k. snúa að friðlýsingu á hluta Langaness, t.d. með stofnun þjóðgarðs, eflingu hringrásarhagkerfisins og grænni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Jafnframt verði hugað að bættu orkuöryggi svæðisins með tillögum er snerta dreifi- og flutningskerfi raforku, jarðhitaleit og aukna orkuöflun innan svæðis.

Starfshópurinn er þannig skipaður:  
Njáll Trausti Friðbertsson, formaður,  
Berglind Harpa Svavarsdóttir,  
Steingrímur J. Sigfússon.

Kjartan Ingvarsson, lögfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu mun starfa með hópnum.

Starfshópurinn skal hafa samráð við hagaðila og stofnanir eftir því sem við á.

Miðað er við að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 15. október 2023.

Formaður ber ábyrgð á að halda til haga upplýsingum um virkan starfstíma nefndarinnar, þ.e. fjölda funda og lengd þeirra og skila til ráðuneytisins. Jafnframt ber hann ábyrgð á að fundargerðum og niðurstöðum nefndarstarfs sé skilað rafrænt til ráðuneytisins, ásamt öðrum gögnum. Starfshópurinn skal ekki stofna til kostnaðar án heimildar ráðuneytisins.

Greiðsla fyrir störf í starfshópnum fer sámkvæmt ákvörðun þóknana nefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.



Guðlaugur Þór Þórðarson



Stefán Guðmundsson

